

Sveitarfélagið Ölfus
b/t Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 9. október 2020
UST202008-230/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir fiskeldi við Laxabraut í Þorlákshöfn – Sveitarfélagið Ölfuss

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir allt að 20.000 tonna fiskeldi við Laxabraut í Þorlákshöfn.

Í erindi sveitarfélagsins og í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að fiskeldisstöðin rísi á iðnaðarsvæði (I-23) vestur af Þorlákshöfn, á lóðunum Laxabraut 21, 23 og 25 þar sem gert er ráð fyrir húsi, kerjum, vatnsmiðlunartönkum, fóðursílóum og súrefnistönkum auk vatns- og frárennislögnum, vegaslóða og bílastæðum. Auk þess kemur fram að vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar og frárennsli verður hreinsað áður en því er veitt til sjávar.

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 3. mars sl. varðandi frummatsskýrslu ofangreinds verkefnis. Í frummatsskýrslu var hins vegar einungis fjallað um 5.000 tonna framleiðslu.

Vatnstaka

Í greinargerð kemur fram að framtíðar stærðaraukning framkvæmdar umfram 5.000 tonna ársframleiðslu mun krefjast 60 l/s ferskvatns fyrir hver 1.000 tonn framleidd og 1.000 l/s af jarðsjó. Fyrir 20.000 tonna framleiðslu þarf því rúmlega 21.000 l/s af sjó/vatni. Umhverfisstofnun bendir á að meðalrennsli Elliðaáa er um 5.000 l/s, svo hér er um að ræða umtalsverða vatnstöku.

Frárennsli

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera sky. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp, en þar segir í gr. 9.2 að leggja þurfi útrás minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Í greinargerð kemur fram að farið verður eftir ofangreindri reglugerð.

Auk þess kemur fram að sterkir straumar og brim þynna eldisvatnið hratt í viðtakanum og bera til suðvesturs. Ef reynslan sýnir neikvæð áhrif þá skal bregðast við t.a.m. með lengingu á útfallsröri eða með öðrum aðgerðum í samráði við hlutaðeigandi stofnanir.

Umhverfisstofnun bendir á að í framangreinda umsögn frá 3. mars sl. var fjallað um fráveitumál verkefnisins og vísar í þá umfjöllun m.t.t. mats stofnunarinnar á umhverfisáhrifum frárennslis frá eldisstöðinni.

Úrgangur

Í greinargerð kemur fram að stefnt er að því að úrgangur sem fellur til við slátrun og vinnslu fiskisins verði nýttur til framleiðslu á fiskimjöli og lýsi. Fiskur sem drepst á eldistímanum er áætlað að nota í fóður fyrir loðdýr eða moltugerður.

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Þessu tengt minnir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennslis í stað þess að farga því með urðun.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að neikvæð áhrif verða á jarðmyndanir þar sem hraun er einkennandi fyrir svæðið og nýtur verndar skv. 61. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd og veldur framkvæmdin óafturkræfu raski á hrauninu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að hraun sé útbreitt í sveitarfélaginu og að hluta til raskað réttlætir það ekki frekara rask á hrauni sem fellur undir ákvæði laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægi þess að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hrauns sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir raski á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu sé verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér rask á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruverndarinnar sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur